

FRÉTTABRÉF

TRÚNAÐARRÁÐ EFLINGAR

Árni Guðmundsson framkvæmdastjóri Gildis neitar að mæta á fund með félagsmönnum Eflingar um Init-málið

Árni Guðmundsson framkvæmdastjóri Gildis – lífeyrissjóðs hefur hafnað boði trúnaðarráðsfélaga og stjórnar Eflingar um að koma á fund með félagsmönnum Eflingar til umræðu um Init-málið.

Í samskiptum við Sólveigu Önnu Jónsdóttur formann Eflingar hafði Árni áður fallist á boð um að koma á fund. Hann dró það til baka þegar honum var tilkynnt um að fundarstjóri yrði Aðalsteinn Kjartansson, blaðamaður á Stundinni, sem áður starfaði við fréttaskýringaþáttinn Kveik og vann umfjöllun þáttarins um Init-málið.

„Mörg hundruð milljónir af lífeyrisiðgjöldum okkar hurfu í vasa skúffufyrirtækis á vakt Árna. Engar skýringar hafa komið fram frá honum á því hvernig þetta gat gerst. Það er þörf á upplýstri og trúverðugri umræðu um þetta við Eflingarfélaga, sem eiga þessa peninga.

Ég tel að framkvæmdastjóri Gildis sýni sjóðfélögum og Eflingarfélögum lítilsvirðingu með því að hafna boði um að koma á fund okkar,“ sagði Sólveig Anna Jónsdóttir formaður Eflingar.



Vel heppnaður trúnaðarráðsfundur og samstöðuaðgerð á Reykjavíkurlflugvelli

Trúnaðarmenn og trúnaðarráðsfélagar létu óhefðbundið form fundar ekki stoppa sig frá því að mæta á Reykjavíkurlflugvöll þann 14. október síðastliðinn til samstöðu með Ólöfu Helgu Adolfsdóttur, trúnaðarmanni Eflingarfélaga á vellinum sem rekin var úr vinnu meðan hún gætti hagsmuna vinnufélaga sinna. [Frétt um viðburðinn ásamt myndum hér](#) og [stutt myndband á Facebook hér](#).

SA og Icelandair stefnt fyrir Félagsdóm

Efling hefur stefnt Icelandair og Samtökum atvinnulífsins fyrir Félagsdóm vegna uppsagnar Ólafar Helgu Adolfsdóttur. Málið er prófmál á réttindi allra trúnaðarmanna sem og jafnframt á samfélagsábyrgð fyrirtækja sem og heilindi Samtaka atvinnulífsins. Viðbragða er að vænta frá SA í byrjun desember og dóms síðar í vetur. Áfram verður haldið að vekja athygli á málinu og sýna Ólöfu og hennar vinnufélögum stuðning. [Frétt um þingfestingu dómsmálsins.](#)



Fræðslukvöld Eflingar

Vekjum athygli á fræðslukvöldum Eflingar sem haldin eru fyrsta fimmtudag hvers mánaðar í Félagsheimili Eflingar. Þetta eru mánaðarlegir viðburðir með fjölbreyttu sniði þar sem þar sem félagsfólki gafst gott færi til að deila reynslu, kynna og spjalla. Kynntu þér dagskrána [hér](#).

Ókeypis námskeið tengd undirbúningi kjarasamningsgerðar - skráum okkur!

Minnt er á að trúnaðarráðsfélagar geta sótt námskeið um undirbúning kjaraviðræðna hjá Félagsmálaskóla alþýðu.

Námskeiðin eru kennd fyrir hádegi fyrstu tvo þriðjudagana í nóvember.

- „Samskipti og liðsheild samninga-nefnda“ (2.11) - skráning [hér](#)
- „Formlegur undirbúningur kjarasamninga, samningaviðræður og boðun verkfalla“ (9.11) - skráning [hér](#)

Trúnaðarráðsfélagar setja kennitölu Eflingar (701298-2259) í reitinn „Kennitala greiðanda“ og greiðir Efling þá námskeiðið fyrir þá.

Næsti fundur og aðrar upplýsingar

Næsti fundur trúnaðarráðs er fimmtudaginn 11. nóvember næstkomandi. Takið kvöldið frá! Hagnýtar upplýsingar, fréttabréf, skrá yfir meðlimi trúnaðarráðs og fleira er á [lendingarsíðu Trúnaðarráðs](#).



Nýtt og spennandi nám fyrir Eflingarfélagi í nóvember - skráum okkur!

Í nóvember býðst félagsmönnum Eflingar að skrá sig á nýja Almenna braut Vitans - skóla Eflingar.

Á Almennu brautinni er boðið upp á efnisrík og spennandi námskeið sem miða að því að styrkja þekkingu, vitund og sjálfstraust félagsmanna í stéttabaráttu.

Námið spannar fjórar vikur þar sem kennt er á íslensku á þriðjudögum og ensku á miðvikudögum, kl. 19.00-22.00 í Félagsheimili Eflingar, Guðrúnartúni 1, 4. hæð.

Umsjónarfólk námskeiðanna eru öll einstaklingar með mikla reynslu og þekkingu á sínu sviði, og sem tengist beint raunveruleika og hagsmunum Eflingarféлага. Lögð er áhersla á að gera námið aðgengilegt og líflegt með umræðum og uppbroti í kennsluáðferðum.

Efni námskeiðanna á mikið erindi við trúnaðarráðsfélaga, trúnaðarmenn og aðra virka félagsmenn.

Öll eru hvött til að skrá sig! Nánar á vef Eflingar [hér](#).